

## Skólanámskrá Öxarfjarðarskóla



*Vinátta - Jákvæðni - Virðing*

## Efnisyfirlit



### *Vinátta - Jákvæðni - Virðing*

|                           |   |
|---------------------------|---|
|                           | 1 |
| Efnisyfirlit              | 2 |
| Inngangur                 | 4 |
| Saga og starfsemi skólans | 4 |
| Stjórnskipulag            | 5 |
| Starfsfólk                | 5 |
| Nemendur                  | 6 |
| Upphaf leikskólagöngunnar | 6 |
| Grunnþættir menntunar     | 7 |
| Læsi                      | 7 |
| Sjálfbærni                | 8 |
| Heilbrigði og velferð     | 9 |

|  |    |
|--|----|
| Lýðræði og mannréttindi  | 9  |
| Jafnrétti  | 10 |
| Sköpun   | 11 |
| Skólastefna  | 12 |
| Framtíðarsýn   | 13 |
| Sérstaða skólans   | 13 |
| Uppeldisfræðileg stefna  | 13 |
| Samkenntsla  | 14 |
| Teymiskennsla  | 15 |
| Skipulag leiks og náms   | 15 |
| Námsvísir  | 15 |
| Stuðningur við nemendur  | 16 |
| Deildarnámskrá leikskólastigs Öxarfjarðarskóla                           | 16 |
| Markmið leikskólastigs Öxarfjarðarskóla                                  | 17 |
| Leikurinn  | 17 |
| Dagskipulag  | 17 |
| Kennsluhættir  | 18 |
| Námsmatsstefna grunnskóla  | 18 |
| Fjölbreytt námsmat   | 19 |
| Fyrirkomulag námsmats  | 20 |
| Innra mat á árangri og gæðum   | 20 |
| Áætlanir um umbætur og þróunarstarf                                      | 20 |
| Samstarf heimila og skóla og upplýsingamiðlun                            | 20 |
| Samstarf skólastiga, móttöku- og tilfærsluáætlun                         | 21 |
| Tengsl skóla við nærsamfélagið og hvernig nýta má það til náms og þroska | 22 |

## Inngangur

Hver skóli skal birta stefnu sína með tvennum hætti. Annars vegar er almenn stefnumörkun birt í skólanámskrá og hins vegar eru upplýsingar, sem eru breytilegar frá ári til árs, birtar í árlegri [starfsáætlun sem má lesa hér á heimasíðu](#). Skólanámskráin gerir grein fyrir því hvernig leik- og grunnskólinn útfærir leik, nám og kennslu samkvæmt því svigrúmi sem lög, reglugerðir, aðalnámskrár og skólafestna Norðurlands veita. Ákvæði um skólanámskrá er í leik- og grunnskólalögum og aðalnámskrám leik- og grunnskóla. Námskráin er yfirfarin í ágúst ár hvert en endurskoðuð á 5 ára fresti, næst 2027. Í starfsáætlun sem fram kemur árlega eru birtar upplýsingar sem geta breyst milli ára. Skólaráð fær skólanámskrá og starfsáætlun til umsagnar.

Aðalmarkmið skólanámskrár Öxarfjarðarskóla er að gefa ljósa mynd af þeim starfsháttum, áherslum og stefnum sem endurspeglast í skólafestinu. Skólanámskráin er nánari útfærsla á Aðalnámskrá leik- og grunnskóla en lagar sig að sérstöðu skólans og dregur fram helstu einkenni hans. Auk þess er þar töluvert af hagnýtum upplýsingum sem þægilegt er að hafa aðgengilegar á einum stað. Slíkar upplýsingar geta þó aldrei verið tæmandi og við munum halda áfram að senda fréttakorn um starf skólans beint til foreldra og á vef Öxarfjarðarskóla. Við viljum byggja upp gott samstarf og upplýsingastreymi milli heimila og skóla. Lykilatriði í góðu skólafesti er góð samvinna foreldra, nemenda og starfsfólks skólans.

Hrund Ásgeirsdóttir skólafestjóri

## Saga og starfsemi skólans

Öxarfjarðarskóli varð til haustið 2000 þegar Grunnskólinn í Lundi og Grunnskólinn á Kópaskeri voru sameinaðir. Skólinn starfaði áfram á báðum stöðum til vorsins 2008 þá var deildunum á Kópaskeri og í Lundi skipt upp í sjálfstæða skóla. Haustið 2009 var svo grunnskólafest við Öxarfjörð sameinað á einn stað, í Lundi undir nafninu Öxarfjarðarskóli, sem er samrekin leik- og grunnskóli.

Leikskóladeildir Öxarfjarðarskóla eru tvær; í Lundi og á Kópaskeri. Leikskólinn á Kópaskeri, Krílakot, hóf störf árið 1985. Upphaflega var leikskólinn rekinn af foreldrum barnanna en árið 1990 tók sveitarfélagið við. Leikskólinn í Lundi var stofnaður árið 1993 og er í sömu skólabyggingu og grunnskólinn. Deildirnar voru sameinaðar undir hatt Öxarfjarðarskóla og hafa verið tveir deildarstjórar sem stýra hvorri deild fyrir sig. Haustið 1992 hófst samstarf milli leikskólans og grunnskólans um verkefnið „**Brúum bilið**“ og hefur það staðið óslitið alla tíð síðan.


Þetta mun vera lengsta óslitna samstarf leik- og grunnskóla á landinu. Markmiðið var að skapa samfellu í starfi skólanna og að börnunum liði vel þegar þau flyttust á milli skólafesta. Leikskólabörnin kynnast samnemendum og væntanlegum kennara og koma þar af leiðandi öruggari í grunnskólann árið eftir. Nokkrir aðilar hafa komið að þessu samstarfi í gegnum árin. Viðfangsefni hafa verið og eru fjölbreytt. Samvinna í hópi; náttúrufræði, stærðfræði tónlist, lestur, ritað mál svo dæmi séu nefnd. Frá skólaárinu 2019-2020 hafa hugmyndir frá verkefninu **Byrjendalæsi** einnig verið notuð. Gott samstarf hefur alla tíð verið við kennara í skólanum.

## Stjórnskipulag

Lögum samkvæmt er skólastjóri forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, ber ábyrgð á starfi hans og veitir honum faglega forystu. Þar sem Öxarfjarðarskóli er samrekinn leik- og grunnskóli er leikskóladeild þar undir.

Deildarstjóri leikskóladeildar veitir deildunum faglega forystu og skipuleggur starfið með sínu starfsfólki. Í fjarveru skólastjóra munu kennarar taka við stjórninni en ef um lengri fjarveru er að ræða, mun fræðslufulltrúi stíga inn með lausnir.

### Skipurit



## Starfsfólk

Starfsfólk skólans mótar skólaandann öðrum fremur með breyttni sinni og framgöngu og ber að sýna nemendum fyllstu virðingu og ætlast til þess að nemendur sýni því og öllum öðrum sambærilega virðingu, þar með talið sjálfum sér.

Starfsfólk Öxarfjarðarskóla treystir því að nemendur kjósi að breyta rétt fremur en rangt. Það samrýmist uppeldisstefnunni Jákvæðum aga. Þetta viðhorf leggur starfsfólki Öxarfjarðarskóla jafnframt þá skyldu á herðar að leggja sanngjarnt mat á breyttni nemenda og láta skoðun sína í ljós. Það er ófrávikjanleg stefna skólans að nemendur geti treyst starfsfólkinu og leitað til þess þegar þeir þurfa á því að halda. Starfsfólk skólans er bundið fyllsta trúnaði um hvaðeina sem nemendur treysta því fyrir og sem það verður áskynja í starfi sínu. Þó ber að hafa í huga, að samkvæmt Barnaverndarlögum gengur tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum framur þagnarskyldu ef ætla má að velferð barns eða heilsu sé veruleg hættu búin.

Starfsfólki Öxarfjarðarskóla ber að hugleiða stöðu hvers barns sérstaklega og leiðbeina því um þau atriði er betur mega fara með hliðsjón af stöðu þess og getu. Það gildir jafnt um félagslega stöðu þess í skólasamfélaginu og stöðu þess í námi. Líta ber á einstaklinginn í heild sinni og minnst þess að öryggi og vellíðan á vinnustað er forsenda góðra vinnubragða. Starfsfólki Öxarfjarðarskóla ber að gera miklar kröfur til hvers nemanda, en sníða jafnframt kröfurnar að þroska og getu hvers og eins. Gagnkvæmt traust og virðing allra sem í skólanum starfa tryggir glaðan og frjálsglegan skólaanda og hvetur nemendur og starfsmenn til að leggja sig fram í störfum sínum.



[Á heimasíðu í starfsáætlun](#) hvers skólaárs má sjá hvaða starfsfólk er að störfum hverju sinni. Skólinn starfar samkvæmt starfsmannastefnu Norðurþings sem var uppfærð 2021 og [má lesa hér](#). Tilgangur og markmið starfsmannastefnunnar er að gæta hagsmuna starfsmanna og vinnuveitanda, veita skýra umgjörð um þau starfsskilyrði sem Norðurþing býður starfsmönnum sínum og þær skyldur sem starfsfólki er ætlað að uppfylla svo að veita megi íbúum sveitarfélagsins bestu mögulegu þjónustu.

## Nemendur

Í Öxarfjarðarskóla er nemandinn settur í öndvegi í skólastarfinu; menntun hans, alhliða þroski og líðan. Skólanum ber að örva nemendur til sjálfstæðrar og gagnrýnnar hugsunar, rækta með þeim víðsýni og umburðarlyndi og styrkja á alla lund forsendur þeirra til að bæta umhverfi sitt. Skólinn á að opna augu nemenda fyrir mikilvægi menntunar og nauðsyn þess að miðla reynslu og þekkingu manna á meðal. Skólanum ber að rækta fegurðarskyn nemenda og hvetja þá til að njóta góðra listaverka, bókmennta, tónlistar og myndverka, með opnum huga.

Í skólanum er lögð áhersla á að nemendur læri mikið og að þeim líði vel. Líðan og námsframvinda eru órjúfanlega tengd. Ef nemanda líður illa vill skólinn bæta úr því með skjóttum hætti. Nemendur þurfa að tileinka sér bóklega og verklega þekkingu og tækni, en ekki síður að temja sér farsæl samskipti við fólk; fólk á ýmsum aldri, af ólíkum uppruna, gætt mismunandi hæfileikum, af öllum kynjum, fatlað og ófatlað. Jákvæð og uppbyggileg samskipti við ólíka einstaklinga stuðla að góðri líðan og auknum þroska, víðsýni og umburðarlyndi.

Í Öxarfjarðarskóla leggjum við mikla áherslu á að með auknum aldri og þroska axli nemendur sívaxandi ábyrgð á eigin námi undir leiðsögn kennara sinna. Við teljum mikilvægt að nemendur temji sér að skipuleggja viðfangsefni sín og vinnutíma innan þess ramma sem lög og reglugerðir setja skólanum. Við teljum að verklag af þessu tagi og það viðhorf til náms sem það byggir á sé afar mikilvægt veganesti fyrir nemendur okkar þegar þeir hefja nám í framhaldsskóla, fjarri heimilum sínum, að loknu grunnskólaprófi. Nemandinn þarf að hafa svigrúm til að rækta áhugamál sín og sérgáfur. Hann þarf einnig að hafa tíma til að leika sér með skólafélögnum, enda er leikurinn eðlileg námsleið barna og nauðsynleg þjálfun í mannlegum samskiptum og kemur lengd viðvera í Öxarfjarðarskóla til móts við þessar þarfir.

Upplýsingar um móttöku nýrra nemenda er að finna í [starfsáætlun bls. 11](#), einnig er þar að finna upplýsingar hvers skólaárs um nemendaráð, aðkomu nemenda að námi og félagslífi, vettvangsferðir, val og fleira.

## Upphaf leikskólagöngunnar

Við upphaf leikskólagöngu fá foreldrar/forráðamenn afhendan bækling þar sem finna má ýmsar upplýsingar hvað varða leikskólastarfið, svo sem ; daglegt líf, hugmyndafræði og kenningar sem er grunnur leikskólastarfsins, sérfræðiþjónustu og stoðkerfi leikskóla. Á aðlögunartíma veita foreldrar/forráðamenn upplýsingar um barnið, aðstæður þess, reynsla og áhugasvið. Upplýsingar um barnið eru trúnaðarmál.

Í upphafi leikskólagöngu barns fær það góðan tíma til að aðlagast leikskólanum, umhverfi hans og starfsfólki. Foreldrar eru mikilvægir samstarfsaðilar leikskólans og er mikilvægt að koma þeim skilaboðum á framfæri við upphaf leikskólagöngu barnsins. Leikskólinn notast við aðlögunaráætlun sem kallast þátttökuaðlögun. Þátttökuaðlögun byggir á því að ekki sé verið að venja barnið við að vera skilið eftir í leikskólanum, heldur sé barnið að læra að vera í nýjum aðstæðum. Með þátttökuaðlögun eru bundnar vonir við að allir foreldrar kynnist daglegu starfi og skipulagi leikskólans og öðlist um leið traust og öryggi gagnvart skólanum.

## Grunnþættir menntunar

Í aðalnámskrá eru sex grunnþættir menntunar sem eiga að endurspeglast í starfsháttum leik- og grunnskóla og vera þeirra leiðarljós. Þessir grunnþættir fléttast inn í allar greinar með einum eða öðrum hætti. Stefnan er að bjóða upp á heildstætt og samþætt nám sem grunnþættir og lykilhæfni stýra og stjórna.

Grunnþættirnir eru:

- Læsi
- Sjálfbærni
- Heilbrigði og velferð
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Sköpun

Námsvísir skólans sér til þess að við nýtum grunnþætti menntunar til að stýra náminu í Öxarfjarðarskóla.

## Læsi

Læsisstefna Öxarfjarðarskóla er í vinnslu. Læsi er samheiti fyrir marga færniþætti og sumir þeirra eru mældir og metnir með stöðluðum prófum. Áhersla er lögð á yndislestur allra nemenda og að þeir nái góðri lestrarfærni sem allra fyrst í skólagöngunni. Meira er horft til þess að nemendur sýni framfarir jafnt og þétt fremur en horft sé eingöngu í fyrirfram gefin viðmið s.s. lesfimi. Nemendur koma alla jafna vel undirbúnir úr leikskóla þar sem búið er að leggja grunn að lestrinum og sumir orðnir læsir þegar þeir hefja skólagöngu. Lífið í leikskóladeildinni fjallar að miklu leyti um samskipti. Að efla félagslega færni barna snýst m.a. um að börnin verði læs á boðskipti; yrt og óyrt í samskiptum. Í daglegum samverustundum þar sem verið er að leika sér með málið í söng, rími, þulum, þar sem hlustað er eftir hljóðum og stafir skoðaðir, í tjáningu og frásögn, í samtölum og þegar sögur eru lesnar. Þetta eru dæmi um hvernig læsi fléttast inn í skólastarfið og hvernig börnin öðlast reynslu í bernskulæsi. Markmið í málörvunar- og lestrarnámi leikskólabarna er að styrkja málmeðvitund barna, þróa vinnubrögð og skapa umhverfi sem leggur áherslu á frumþætti móðurmálsins; hlustun, tal, lestur og ritun. Samstarf er milli leikskóladeildar og grunnskólans um verkefnið „**Brúum bilið**“. Markmiðið er að skapa samfellu í starfi skólanna, að börnunum líði vel og séu örugg þegar þau flytjast á milli skólastiga. Leikskólabörninn kynnst væntanlegum samnemendum og kennurum og koma þar af leiðandi öruggari í skólann árið eftir.

### Læsi birtist m.a. á þennan hátt í starfinu

- Brúum bilið

- Byrjendalæsi
- Vettvangsferðir
- Veðurfræðingurinn leik – og grunnskóla
- Lesa í aðstæður
- Lesa milli lína
- Nýyrðasköpun
- Listalæsi tónlist, myndlist
- Lubbi- hljóðaaðferðin
- Þemu
- Lestur unglinga í leikskólann - endurvekja
- Könnunaraðferð
- Allir í 7. bekk taki þátt í Stóru upplestrarkeppninni
- Litla upplestrarkeppnin
- Meiri áhersla á heimalestur
- Lestrabingó
- Numicon
- Forritun
- Yndislestur
- Upplestur

## Sjálfbærni

Mikilvægt er að nemendur öðlist skilning á sjálfbærni, með virkri þátttöku í verkefnum sem lúta m.a. að umhverfisvernd og fræðslu þar að lútandi. Í sjálfbærnimenntun felst að skapa samábyrgt samfélag þar sem hver einstaklingur er meðvitaður um viðhorf sitt gagnvart jafnræði allra jarðarbúa og hnattrænum áhrifum. Sem dæmi um verkefni sem unnin eru með áherslu á sjálfbærni er Betri heimabyggð þar sem nemendur vinna að því að gera sér grein fyrir heimsmyndinni og þeirri ógn en í senn tækifærum sem við stöndum frammi fyrir. Það í verkefnum sínum í skólanum kynnast börnin og læra að virða náttúruna og umhverfi sitt og njóta hvoru tveggja. Hlutverk hinna fullorðnu er að spyrja börnin opinna spurninga, auka forvitni þeirra og láta börnin leita lausna. Hugmyndafræðin á bak við sjálfbærni samanstendur af mörgum þáttum sem skiptast í þrjá meginflokkka: það er hinn umhverfislega, félagslega og hagræna.

### Svona birtist sjálfbærni m.a. í starfinu

- Samþætt þemaverkefni s.s. Betri heimabyggð
- Haustferð
- Vettvangsferðir - í náttúruumhverfi skólans er athugað hvernig veðurfar og árstíðir hafa áhrif á líf plantna og dýra. Fyrirbæri eins og vatn, snjór og ís eru nærtæk efni, þar sem eiginleikar efnis eru skoðaðir.
- Útikennsla
- Flokkun á sorpi
- Endurvinnsla
- Meðvituð um rafmagnsnotkun
- Skólaferðalög
- Samsöngur
- Heimilisfræði
- Sjálfshjálp



## Heilbrigði og velferð

Áhersla er lögð á holla og heilbrigða lífshætti í Öxarfjarðarskóla sem og jákvæða sjálfsmynd, jákvæðan skólabrag þar sem hlúð er að þroska og heilbrigði einstaklingsins. Til að þjálfar nemendur með markvissum hætti í jákvæðum samskiptum, vináttu, gagnkvæmri virðingu, samhygð og umburðarlyndi er notast við uppeldisstefnuna Jákvæðan aga. Bekkjarfundir eru haldnir þar sem nemendur þjálfast í að rökræða, standa fyrir máli sínu og hlusta á aðra. Bæði stig skólans halda reglulega bekkjarfundi. Í skólanum eru íþróttatímar t.a.m fleiri en kveðið er á um í viðmiðunarstundaskrá og eru alls 3 klst á viku. Leitast er við að styrkja sjálfsmynd nemenda með því að bjóða upp á áhugasviðsval þar sem nemendur fá að kafa ofan í áhugamál sín með markvissum hætti út frá eigin styrkleikum og áhuga.

Eitt af markmiðum Öxarfjarðarskóla er að *auka hreyfingu barna og að þau læri að njóta hennar*. Hreyfing eflir hugann, stuðlar óbeint að andlegri og félagslegri vellíðan. Ásamt þáttum eins og hreyfingu, eru slökun og hvíld einnig nauðsynleg. Hvíldarstund nemenda er hluti af dagskipulagi leikskóladeildarinnar. Holl fæða og reglulegar máltíðir stuðla jafnframt að líkamlegri og andlegri vellíðan. Í þessu sambandi má benda á matseðil mötuneytis Öxarfjarðarskóla í samvinnu við Lýðheilsustöð.

### Svona birtist heilbrigði- og velferð m.a. í skólastarfinu:

- Útikennsla og útivera
- Útivistartímar og frjálssir leikir eru daglega, einnig tíðar gönguferðir fyrir börn og starfsfólk leikskóladeildar
- Leikskóladeild Öxarfjarðarskóla hefur vikulega einn íþróttatíma undir stjórn iðjubjálfa og íþróttaleiðbeinanda.
- Hreyfiverkefni sem börnin leysa, er gert með leik og leikrænni tjáningu. Börnin læra m.a. að fylgja fyrirmælum, hlusta, þau eru þjálfuð í að skilja og hlíta þeim reglum sem einhverjir aðrir setja.
- Íþróttir
- Mötuneytið, býður upp á morgunmat
- Eineltisáætlun
- Nemendaráð
- Jákvæður agi
- Danskennsla
- Flokka mat
  - Matarsóun vigtað
- Viðbættur sykur er tekinn úr fæðuúrvali barna leikskóladeildar.

## Lýðræði og mannréttindi

Rödd nemenda þarf að heyrast og með fjölbreyttum vinnubrögðum og kennsluaðferðum leitast kennarar við að efla lýðræðislega þátttöku nemenda. Það er meðal annars gert með nemendakynningum á verkefnum sem miða t.d. að umbótum í nærsamfélagi, kynningu á mismunandi menningu þjóða o.s.frv. Miklu máli skiptir að nemandinn finni að hann hafi rödd og að á hann sé hlustað.

Skólastarfið snýst m.a. um að leitast við að gera börnin að virkum þátttakendum í lýðræðissamfélagi. Hugtökin lýðræði og mannréttindi haldast í hendur og einstaklingurinn lærir að taka afstöðu til siðferðilegra álitamála. Samverustundir og hinn frjálsi félagslegi leikur eru kjörnir vettvangar til að kenna börnunum að setja sig í spor annara, læra að leysa úr

ágreiningsefnum, læra að sýna samúð, bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Börn sækjast eftir stuðningi hins fullorðna í leiknum þegar eitthvað bjátar á. Eins og annarsstaðar í samfélaginu ber stöðugt að minna á hugtakið lýðræði. Með hegðun sinni hefur starfsfólkið áhrif á námsumhverfi og reynslu barna. Reynsla barna mótast viðhorf þeirra og hvernig þau bregðast við núverandi kringumstæðum og e.t.v. sem fullorðnir. Skólinn setur reglur sem gilda í samskiptum. Útskýra þarf fyrir börnum tilgang reglna. Eldri börn þurfa einnig að geta tekið þátt í að setja reglur fyrir hóp og ræða þær. Þannig verður þetta vísir að lýðræðislegum vinnubrögðum sem eru undirstaða lýðræðisþjóðfélags. Uppeldisstefna Öxarfjarðarskóla byggist á sjálfsstjórnarkenningu sem kallaður er „**Jákvæður agi**“. Áherslur í kenningunni er að skapa jákvætt andrúmsloft, festu, hlýju og ábyrgð. Hugað er að þörfum einstaklingsins, að hvetja, fagna framförum, læra af mistökum. Stuðla þarf að því að kenna börnum að *gera sitt besta*, en það geta ekki allir vera bestir í öllu.

### **Svona birtist lýðræði og mannréttindi m.a. í skólastarfinu:**

- Fögnum fjölbreytileikanum
- Nemendur eru með rödd, hafa áhrif á skólastarfið
- Nemendaráð
- Börnin hafa raunverulegt val um leiksvæði og leikefni og það er aðgengilegt þeim.
- Börnin fara í leiki þar sem gefast tækifæri er til að skiptast á og deila.
- Hlustað er á óskir barnanna og þau fá tækifæri til að bera ábyrgð í samræmi við þroska og getu
- Börnin eru hvött til sjálfshjálpar við undirbúning og frágang, þorin er virðing fyrir skoðunum þeirra.
- Börnin taka þátt í umræðu um veðurfar og klæðnað sem hentar.
- Þau fá tækifæri til að velja ef svo ber undir og góðan tíma til að hjálpa sér sjálf miðað við þroska og getu.
- Börnin hafa val um margvíslega leiki og leiktæki á leiksvæði skólans.
- Lagt er upp úr lýðræðislegum vinnubrögðum í hópastarfi, að börnin finni til vellíðunar, nálægðar og að þau séu hluti af stærri heild.
- Börnin fá tækifæri til að velja söngva og sögur.
- Fjallað er um fjölskylduna og hlutverk hennar sem og stöðu barnsins.
- Í hópastarfi er lagt upp úr samvinnu eins og þroski og geta gefa tilefni til.
- Börnin fá að skammta sér sjálf eins og þroski og geta leyfa. Þau eru hvött til að smakka á öllum réttum en ráða sjálf hversu mikið þau borða af hverju.
- Börnin fá að sofa eins lengi og þau þurfa.

### **Jafnrétti**

Allt skólastarf skal einkennast af jafnrétti. Í Öxarfjarðarskóla eru nemendur með mismunandi bakgrunn, þjóðerni o.fl. Menntun er réttur allra og markmiðið er að allir taki virkan þátt og eigi raunverulega hlutdeild í skólastarfinu. Við fögnum fjölmeningunni enda eru nemendur af mörgum þjóðernum í skólanum. Í öllu skólastarfinu er farið eftir ákvæðum jafnréttis laga um kyn, fötlun, kynhneigð, trúarbrögð og þjóðerni. Jafnrétti snýst ekki um að allir einstaklingar eiga að vera eins en að allir eigi t.d. sama möguleika til að taka þátt í starfsemi skólans á sínum forsendum. Við eigum að veita öllum börnum jafna möguleika á athygli og að hlustað sé á þau. Til þess að starfsfólkið geti miðlað og kennt börnum jafnrétti, þarf það íhuga eigin afstöðu og viðhorf. Í því felst skoðun á eigin hegðun sem getur breytt samskiptamynstri okkar við börnin.

Að börnin upplifi að öll kyn eigi sama rétt og beri sömu ábyrgð. Þau kynnist mismunandi þjóðmenningu og temji sér jákvætt viðhorf til ólíks uppruna og sérkenna annarra. Börnin kynnist mismunandi fjölskyldugerðum og margbreytileika mannlífsins almennt. Börnin upplifa jafnt vægi allra í barnahópnum og samskipti innan deildarinnar einkennist af virðingu og vinsemd. Starfsmenn stuðla að jöfnu vægi kynjanna á leiksvæðum, í leikjum og með leikefni. Þeir hvetja til þess að börnin leiki sér og reyni sig við fjölbreytt viðfangsefni óháð kynhlutverkum.

### **Svona birtist jafnrétti m.a. í skólastarfinu:**

- Allir hafi jöfn tækifæri til tjáningar og hlustað sé á skoðanir allra í hópnum.
- Starfsmenn hvetja til virkrar þátttöku allra og eru meðvitaðir um styrkleika og veikleika einstaklingsins svo allir fái jöfn tækifæri til að hafa áhrif og stjórna.
- Öll börn fá tækifæri til sjálfshjálpar og þau hvött til að taka eins mikinn þátt og þroski og færni leyfir.
- Börnin hafa jafnan aðgang að leiksvæði og útivist. Leiksvæðið er aðgengilegt fyrir alla og vettvangsferðir eru skipulagðar þannig að allir geti tekið þátt.
- Lögð er áhersla á jafnan rétt kynjanna er varðar liti, fatnað og leik.
- Börnin taka þátt í umræðu um jafnrétti er varðar kyn, litarhátt, trú, aldur og getu. Lesnar eru bækur sem tengjast óhefðbundnum kynhlutverkum og margbreytileika mannlífsins.
- Allir fá tækifæri til að mettast og rætt er um mismunandi þarfir og venjur t.d. er varðar fæðuofnæmi og óþol.
- Boðið er upp á bækur/hlustun sem tengist jafnrétti eða fjalla um margbreytileika mannlífsins.
- Frjáls leikur og val
- Bekkjarfundi
- Samverustundir
- Hópastarf með hugarkortum
- Skólaráð
- Lýðræðis – val
- Jafnréttisáætlun
- Aðgengi fyrir alla
- Aðgangur að tónlistarnámi
- Aðgengi að ódýrum tómstundum
- Samvinna skólastiganna
- Allir taka þátt í viðburðum skólans

## **Sköpun**

Til að efla þau vinnubrögð sem lúta að sköpun, er áhersla lögð á skapandi greinar s.s. leiklist/tjáningu, myndlist, handmennt og tónmennt. Dæmi um vinnubrögð í skapandi greinum í Öxarfjarðarskóla má nefna áhugasviðsverkefni á eldra stigi þar sem nemendur hafa fullt frelsi varðandi viðfangsefni, þó innan ákveðins ramma s.s. varðandi uppsetningu, frágang og skil. Á hverju ári stíga nemendur á svið og flytja leikverk í fullri lengd, oftast með tónlist og söng. Haust/vorgleði er einnig haldin annað hvort á haust- eða vorönn þar sem nemendur undirbúa frá grunni skemmtiatriði, oftast tengd einhverju þema og myndskreyta verkefni. Þá sjá nemendur einnig um undirbúning margréttaðs kvöldverðar og taka að sér veislustjórni.

Nemendur koma einnig reglulega fram í gryfju skólans til að kynna verkefni sín.

Hópastarf, þar sem myndlist, málrækt, söngur og lestur/læsi eru viðfangsefni, geta verið vettvangur uppgötvunar og sköpunar, sem leikskóladeild Öxarfjarðarskóla leggur rækt við.

Lögð er áhersla á, að börnin læri texta og taki þátt í söng. Þau kynnast bókmenntum, þulum, ljóðum, sögum og ævintýrum. Sköpunarþörf og hugmyndaflug birtist í leik barna. Leikurinn felur í sér nám og af leik sprettur ný þekking, nýjar athafnir, leikni og tilfinningar. Í leik þjálfa barnið upp færni og hæfni, sem það þarf á að halda, þegar það verður fullorðið. Hlutverk starfsmanna í leik barna er að fylgjast vel með leiknum og vera reiðubúnir að örva eða taka þátt í leiknum á forsendum barna.

Í myndmenntatímum Öxarfjarðarskóla kynnast börnin hvernig er að fara eftir fyrirmælum, fyrirmyndum og einnig skapa sjálf út frá sínum hugmyndum. Þau læra að vinna með liti og málningu, nota til þess bæði pensla og fingur/ fingramálningu. Þau nota skæri og lím. Stundum er unnið með hráefni úr náttúrunni svo sem greinar, köngla og laufblöð. Unnið er með mismunandi form: fer- og þríhyrninga, hringi. Börnin þurfa að taka þátt í frágangi í lok tímans. Afraksturinn/ listaverkin eru hengd upp til sýnis í leikskóladeildinni, í matsal þar sem grunnskólanemendur og starfsfólk getur skoðað þau, einnig á veggj á "leikskólagangi" þar sem foreldrar geta skoðað, þegar þau sækja börnin.

#### **Svona birtist sköpun m.a. í skólastarfinu:**

- Listasmiðja
- Þemadagar
- Söngur og leikur
- List- og verkgreinar
- Tónlistakennsla
- Kór
- Valgreinar
- Fjölbreyttar kennsluáðferðir
- Allar námsgreinar sköpun
- Forritun
- Dans
- Nám í gegnum leik
- Efla þátttöku í degi íslenskra tungu
- Skólakór
- Vinna verkefni í hjálparstarfi
- Árshátíð – leikrit – svið
- Útivera
- Ritun
- Söngstund (þróa hugmynd) allir saman 1x til 2x í mánuði.

## **Skólastefna**

Skólastefna Norðurþings var samþykkt í júní 2020 og gildir til ársins 2025. Skólinn hefur markvisst unnið að innleiðingu stefnunnar gegnum innra mat og gæðaviðmið. Stöðu skólans hverju sinni má sjá í skýrslu um innra mat sem er að finna á heimasíðu. Skólastefnu Norðurþings, aðgerðaráætlun og gæðaviðmið er að finna á þessari [heimasíðu hér](#).

Stefna skólans birtist m.a. í gildum skólans sem eru: **Vinátta - Virðing - Jákvæðni** en þau voru valin af nemendum, foreldrum og starfsmönnum skólans.

- ★ **Vinátta** - nemendur og starfsfólk sýni hver öðrum vináttu og vinsemd.
- ★ **Virðing** - nemendur og starfsfólk rækti með sér samkennd og virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra.
- ★ **Jákvæðni** - Andrúmsloft og viðhorf skólasamfélagsins einkennist af jákvæðni. Við erum jákvæð gagnvart hvert öðru, náminu, nemendum, starfsfólki og foreldrum.

## Framtíðarsýn

Í Öxarfjarðarskóla er áhersla lögð á skapandi og sveigjanlegt nám þar sem þroski og velferð nemenda er höfð að leiðarljósi. Áhersla er á persónumiðað nám þar sem styrkleikar hvers og eins eru nýttir og nemendur eru virkir þátttakendur í skólstarfinu. Litið er á heilbrigði og velferð hver og eins sem lykil að árangri, sérfræðingar eru til staðar og styðja við þegar þess er þörf. Leitast við að efla með nemendum samkennd, virðingu, gleði, félagsfærni og sjálfstraust. Einnig að efla skapandi og sveigjanlegt nám ásamt gagnrýnni hugsun.

## Sérstaða skólans

- Sviðslistir
- Tækni
- Sveigjanleiki
- Samrekinn leik-og grunnskóli
- Skólalóð - umhverfi
- Tengsl við nærsamfélag
- Nemendalýðræði
- Hreyfing
- Samkennd árganga
- Teymisvinna
- Tónlistarkennsla innan veggja skólans
- Náin tengsl milli nemenda og starfsfólks

## Uppeldisfræðileg stefna

Skólinn byggir uppeldisstefnu sína á Jákvæðum aga (Positive discipline) sem byggir á svokallaðri “sjálfstjórnarkenningu” og felur það í sér að horft er á orsakir hegðunar og það gildismat sem býr að baki þegar leitast er við að ná fram leiðréttingu, frekar en reyna að breyta hegðuninni með umbun og refsingu. Hugmyndafræðin “Jákvæður agi” gengur út á að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisu, góðvild og festu. Við leitumst við að fá nemendur til að tileinka sér þrjú viðmið sem eru sjálfstraust, að tilheyra og að hafa áhrif. Einnig fjórar tegundir hæfni sem eru innsæi/tilfinningagreind, samskiptahæfileika, ábyrgð og dómgreind. Þessir þættir eru m.a. kenndir og þjálfaðir með

markvissum hætti á bekkjarfundum. Hér má lesa nánar um hugmyndafræðina <http://jakvaeduragi.is/hugmyndafrædin/>

Leikskóladeild Öxarfjarðarskóla starfar eftir kenningum bandaríska heimspekingsins og uppeldisfræðingsins John Dewey og kenningum sovéska sálfræðingsins Lev S. Vygotsky.

Dewey var á þeirri skoðun að félagslegar athafnir barnsins væru lykillinn að námsgreinunum. Frjáls leikur skuli hafður í hávegum, þar sem leikur er helsta námsleið barnsins. Efniviður leikskólans tengist umhverfi barnsins. Dewey áleit skólann vera samfélag í smækkaðri mynd, grundvallað á lýðræðislegum samskiptum. Virkja skuli athafnaþörf og sköpunargáfu barnsins. Hann taldi barnið fært um að læra af eigin reynslu og áhuga. Að læra með því að framkvæma, eru einkunnarorð í kenningum hans. Dewey varaði við of mikilli samkeppni í skólanum, vegna þess að hann taldi hættu á að einstaklingar gætu „valtað yfir“ samborgara sína án tillits til velferðar annara. Markmið menntunar og hvernig hún er notuð átti að bæta líf allra í samfélaginu.

Vygotsky setti fram kenningar um tengsl milli máls og hugsunar; að tungumálið væri aðalverkfæri hugans og um mikilvægi þess fyrir þróun hugsunar. Hann lýsir því hvernig maðurinn, í gegnum tákni, túlkar og skilur umhverfi sitt, t.d. með hjálp tungumálsins. Vygotsky sagði að kennsla ýtti undir þroska og væri nauðsynleg fyrir hann. Samkvæmt kenningum Vygotsky er talið að drifkrafturinn sem ýtir undir þroska barna, komi utan frá og sé þess vegna fólgin í samskiptum við aðra. Hann taldi að hægt væri að ná barni af einu getustigi yfir á það næsta, með hjálp frá öðrum sem kunna meira, frá t.d. eldri börnum. Hér er átt við kenningu hans um svæði mögulegs þroska, nærþroskabil (Zone of Proximal Development). Þróun á þroskasviði vitsmuna á rætur að rekja til félagslegra samskipta. Hlutverk kennarans er að leiða börnin í þekkingarleit þeirra, þannig að börnin tengi reynslu sína við nýjar uppgötvanir.

## Samkennsla

Samkennsla hefur verið einkennandi fyrir Öxarfjarðarskóla í áranna rás enda er hann fámennur og árgöngum þá samkennt. Samkennslan felst í því að 3-5 árgangar eru saman í umsjónarbekkjum og kennslan fer fram þvert á árgangana með fjölbreyttum hætti. Í gegnum tíðina hefur skiptingin verið í yngri-, mið-, og eldri deild.

Samkennsla krefst annarra vinnubragða, öðruvísi skipulagningar og að nokkru leyti annars námsefnis en árgangakennsla. Samkennsla kallar á persónumiðað nám og kennslu fremur en hópkenndu, þar sem nemendur í hverri kennslustund eru á ólíkum aldri og gjarnan að fást við mismunandi viðfangsefni. Bein samskipti kennara og nemenda eru meiri en í venjulegri árgangakennslu. Það auðveldar kennaranum að hafa góða yfirsýn yfir getu hvers nemanda og stöðu hans í glímunni við námsefnið. Kennarinn getur veitt hverjum nemanda athygli og komið til móts við hann þar sem hann er staddur. Kennari í samkennslu hópi verður ævinlega að hafa í huga hinn mikla þroskamun einstaklinga innan hópsins og sníða verkefnaval að einstaklingunum fremur en hópnum í heild. Einstaklingskennsla, hinn augljósi þroskamunur innan hópsins og fáir nemendur í samkennsluhópi gera kennaranum auðveldara um vik að sinna vel þeim einstaklingum sem eiga í einhvers konar námserfiðleikum.

Í aldursblönduðum samkennsluhópi gefst eldri nemendum færi á að liðsinna þeim sem yngri eru eða skemmra á veg komnir í námi (sem samræmist kenningum Lev S. Vygotsky).



Stuðningur eldri nemenda og teymiskennsla í kennslustundum eykur til muna líkurnar á því að hver nemandi njóti þeirrar tilsagnar er honum hentar. Grundvöllur að árangursríku starfi kennara er skipulag og áætlanagerð sem hentar þeirri skólasýn sem skólinn markar sér. Það á ekki síst við um þá sem kenna í aldursblönduðum námshópum. Að hausti þurfa kennarar að skipuleggja komandi skólaár og helst sú vinna að sjálfsögðu í hendur við skólanámskrágerð. Kennarar verða að ígrunda rækilega hvaða námsefni er unnt að taka fyrir með öllum nemendum hópsins og hvað bundið er við ákveðna árganga eða einstaklinga. Hluta kennslunnar verður jafnvel að skipuleggja langt fram í tímann, til dæmis kennslu í lesgreinum. Markvissari áætlanagerð er eitt af forgangsverkefnum Öxarfjarðarskóla. Eins og komið hefur fram er samkennsla einkum stunduð í fámennum skólum á Íslandi. Þar eru möguleikar til sveigjanlegra starfshátta miklir, auk þess sem aldursblöndunin krefst sveigjanleika innan skólastofunnar. Öxarfjarðarskóli hyggst þróa starfshætti sína með þeim hætti að kostir fámennis og samkennslu nýtist sem best. Vegna smæðar skólans hafa kennarar góða yfirsýn yfir starf sitt og skólastarfið í heild. Auðvelt er að sveigja stundaskrána, ef þess gerist þörf, vegna þess að kennarinn þarf ekki að ráðfæra sig við eða taka tillit til nema eins eða tveggja annarra kennara. Þetta skapar góð skilyrði til þróunarstarfs og sveigjanlegra starfshátta. Einstaklingskennsla, sjálfstæð vinnubrögð, nán tengsl við heimili, aldursblöndun námshópa og fleiri slík hugtök hafa oft heyrst í nýbreytnistarfi undanfarinna áratuga. Þau eiga sér rætur í fámennu samkennsluskólunum. Það sýnir gleggst þann sveigjanleika og þá möguleika sem þeir bjóða upp á. Það er svo undir starfsliði og aðstandendum hvers skóla komið hvernig þessir möguleikar eru nýttir.

## **Teymiskennsla**

Haustið 2021 tók skólinn upp teymiskennslu á tveimur stigum; yngri og eldri deild hvorri um sig þá með 13 nemendum. Teymiskennslan gengur út á að umsjónarkennarar deila með sér kennslu, skipulagi, öðrum störfum og bera saman ábyrgð á 4 - 5 árgöngum. Stefna skólans er að koma til móts við alla nemendur þar sem þeir eru staddir með fjölbreyttum kennsluháttum og aukinni einstaklingsmiðun í samstarfi við nærsamfélag eins og fram kemur í nýendurskoðaðri [skólastefnu Norðurbings](#).

## **Skipulag leiks og náms**

### **Námsvísir**

Í Öxarfjarðarskóla höfum við verið að vinna að því þróunarverkefni að útbúa einn námsvísi fyrir allan grunnskólann. Í námsvísi er gerð grein fyrir þeim aðferðum sem skólinn hefur valið til þess að útfæra þær áherslur sem birtast í Aðalnámsskrá. Stefna skólans er að um 50% náms barna fari fram með heildstæðum samþættum verkefnum sem sameina efni úr öllum námsgreinum sem nemendur eiga að fást við samkvæmt Aðalnámsskrá. Námsvísirinn tryggir að grunnþættir menntunar stýri vali á viðfangsefnum nemenda og að samþætting og lykilhæfni sé miðjan í samþættum verkefnum nemenda. Þetta fyrirkomulag að nota námsvísi á borð við þennan sem hér er leið til þess að lýsa á einfaldan máta hvernig áherslum aðalnámsskrá er komið fyrir í einu heildar skjali.

[Námsvísir - Drög 2022-2023](#). Námsvísar eru gerðir til eins árs í senn.

Skólaárið skiptist í sex þemaverkefni sem falla beint undir grunnþætti menntunnar. Efst í námsvísi má því sjá sex grunnþætti menntunnar ásamt stýriorðum. Undir hvern grunnþátt er þemað á lotuverkefnunum eða Stóru Verkefnunum sem við tökum okkur fyrir hendur.

Námsvísinum er ætlað að útskýra í einföldu máli og minna á hver viðfangsefni hvers tímabils eru. Efri hlutinn tekur á samþættingunni en neðri hlutinn útskýrir áherslur í hverri námsgrein fyrir sig. Notkun námsvísisins er þróunarverkefni og gert er ráð fyrir að það taki um þrjú ár að innleiða hann á fullu. Á skólaárinu sem nú er að ljúka skipulögðu kennarar tvö þemu í samræmi við námsvísinn og þróuðu hugmyndir sínar. Á næsta skólaári er fyrirhugað að framfylgja námsvísinum eins og hægt er en full móta með tímanum. Fyrirhugað er að endurskoða námsvísinn á hverju vori og stilla honum upp fyrir komandi haust.

### **Tækni í skólastarfi**

Leitast er við að efla tækni í skólastarfinu og hefur tölvu- og tæknibúnaður hefur verið keyptur til að auka við fjölbreytni í námi og kennslu.

### **Fjarkennsla**

Fjarkennsla er sinnt í þeim tilfellum þegar sóttkví hefur verið vegna Covid eða ef ekki er hægt að koma í skólann vegna veðurs. Kennarar eru með áætlun vegna þeirra aðstæðna.

### **Heimanám**

Heimanámi er yfirleitt haldið í lágmarki en þó fá nemendur aðeins verkefni sem tengjast þemavinnu þeirra, s.s. taka myndir, taka viðtöl o.s.frv. Einnig er mikil áhersla lögð á lestur og heimalestur er afar mikilvægur á fyrstu árum skólagöngunnar.

Ef nemandi hefur verið fjarverandi þarf hann að vinna upp verkefni

### **Stuðningur við nemendur**

Sértækum stuðningi við nemendur er sinnt innan teymanna og í samstarfi við skólaþjónustu.

## **Deildarnámskrá leikskólastigs Öxarfjarðarskóla**

Aðalnámskrá leikskóla, lög um leikskóla og skólastefna Norðurlánga eru rammi um skólastarfið og leiðsögn um tilgang þess og markmið. Þessi námskrá er útfærsla skólans á þeim og sýnir hvernig skólinn leggur fram helstu leiðir, markmið og mat í starfi sínu.

### **Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla eru að:**

1. fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
2. veita skipulega málörvun og stuðla að góðri færni í íslensku,
3. hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
4. stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
5. leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelltri þróun,
6. rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.

## Markmið leikskólastigs Öxarfjarðarskóla

1. Að efla félagsfærni barnanna
2. Að auka hreyfingu barna og að þau læri að njóta hennar
3. Að börnin kynnist, njóti og læri að virða náttúru og umhverfi sitt

## Leikurinn

Í bernsku er leikur aðal tjáningarmáti barnsins og megin námsleið þess. Hann er kjarninn í uppeldis- og menntastarfi í leikskólum. Frjáls og sjálfsprottinn leikur er hið náttúrulega tjáningarform barnsins.

Leikurinn skapar tækifæri til að:

- læra og skilja umhverfi sitt,
- tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar
- þróa félagsleg tengsl við önnur börn.

Þegar börn leika sér saman mynda þau félagslega hópa og skapa eigin menningu.

Þau taka þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar þau setja fram eigin hugmyndir og þurfa jafnframt að skilja hlutina frá sjónarmiði annarra.

Leikjum barnsins má skipta niður í fjóra aðalflokka eftir inntaki þeirra og uppeldis-/menntunargildi. Margir leikir eru fjölþættir og þeir geta flokkast undir fleiri en einn flokk.

- Skynfæra- og hreyfileikir, innan þess flokks er hægt að skipta leikjunum niður í hreyfingu, tónlist, vatnsleiki og ferðir.
- Sköpunar- og byggingaleikir, innan þess flokks er listsköpun og byggingaleikir.
- Hlutverka- og ímyndunarleikir.
- Regluleikir, innan þess flokks eru spil og röðunarleikir og hring- og hópleikir.

## Dagskipulag

Hér á eftir er dagskipulag leikskóladeildar Öxarfjarðarskóla í Lundi. Benda má á að dagskipulagið er í senn fastmótað og sveigjanlegt. Það tekur einnig mið af stundaskrá hvers mánaðar og skólaárs.

- Leikskóladeild Öxarfjarðarskóla í Lundi opnar að morgni kl 7:45.
- Um kl 8.30 fer fram handþvottur og morgunverður, meðal barnanna eru valdir þjónar dagsins til að leggja á borð í morgunverði, hádegisverði og miðdagshressingu. Um leið er dagatalið skoðað saman og uppfært. Sungið er um vikudagana og mánaðarheiti. Þjónar dagsins finna heiti dags sem skrifuð eru á spjöld og hengd upp á vegg, einnig dagsetningu. Unnið er með máhljóð, tákn, bókstafi og tölustafi.
- Eftir morgunmat er bókastund.
- Útivist, hópastarf, frjáls leikur, gönguferð fer fram eftir bókastund.
- Hádegismatur er um kl 11:45
- Hvíldarstund (u.þ.b 25 mín) fylgir í kjölfar hádegisverðar, þá er hlustað á sögur eða tónlist.
- Hópastarf af ýmsu tagi tekur við eftir hvíld en er einnig fyrir hádegi.
- Frjáls leikur inni eða úti.
- Söngstund fer fram annaðhvort fyrir eða eftir síðdegishressingu.
- Útivist
- Heimferð kl 16:00

Ekki er tiltekið nákvæmlega hvenær allir dagskrárliðir hefjast og hvenær þeim lýkur vegna þess að sveigjanleiki hentar starfsumhverfi leikskóladeildarinnar í Lundi. t.d. ef veður er gott er lengri útivist betri kostur. Einnig teljum við rétt að hinn frjálsi félagsleikur barna fái að halda ótruflaður áfram ef vel gengur þó að komið sé fram yfir ákveðin tímamörk. Einnig eru fastir liðir í samstarfi við grunnskóladeild Öxarfjarðarskóla sem sjá má á stundaskrá barnanna.

**Nánari útlitun um *markmið, leiðir og mat er að finna í sérstakri deildarnámskrá leikskólástigs sem má lesa á þessum tengli hér.***

## **Kennsluhættir**

Í Öxarfjarðarskóla er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti eins og einstaklings- para- og hópavinnu, þemanám, vettvangsferðir, tilraunir og umræður. Reynt er að koma til móts við hvern og einn með námsefni við hæfi og einstaklingsmiðaðri kennslu. Ýtt er undir ábyrgð nemenda með því að kenna þeim að skipuleggja nám sitt, efla sjálfstæð vinnubrögð og leitast við að tengja námið sem mest umhverfi og reynsluheimi nemenda. Þá er einnig lögð áhersla á skapandi og fjölbreytileg skil verkefna.

Eftirfarandi lykilhæfniviðmið eru höfð að leiðarljósi:

Að nemendur:

- Nái árangri í námi og sýni framfarir
- Nái markmiðum sínum
- Læri að skipuleggja nám sitt og bera ábyrgð á vinnu sinni
- Efli samstarf í gegnum hópavinnu
- Séu áhugasamir og líði vel í námi

Einnig verði leitast við að samþætta námsgreinar eins og kostur er og koma til móts við þarfir nemenda með skapandi og fjölbreyttum verkefnum.

## **Námsmatsstefna grunnskóla**

Námsmatsstefnan byggir fyrst og fremst á því að varða leið nemenda að persónumiðuðum framförum með skýrum námsmarkmiðum og stöðugri staðfestingu á því að nemandinn sé á réttri leið. Það er yfirlýstur vilji skólans að hjálpa nemendum að ná markmiðum sínum, að námsmarkmið séu ávallt skýr og viðmið um árangur greinileg og skiljanleg.

Það er mikilvægt fyrir nemendur og foreldra að námsmat fari fram í rauntíma, þ.e. að um leið og nám á sér stað fái nemendur staðfestingu á því hvort að þeirra skilningur, þekking og færni sé í samræmi við það markmið sem sett var um námið. Með slíku fyrirkomulagi verða námsmatsvikur óþarfar og hægt sé að draga fram stöðu hvers og eins hvenær sem er. Námsmat fer fram reglulega yfir veturinn og liggur fyrir og er aðgengilegt nemendum og foreldrum um leið og verkefnum lýkur og í sumum tilvikum á meðan á þeim stendur. Nemendur taka þátt í að leggja mat á eigin verkefni og verða sérfræðingar í því að bæta sig og að fylgjast með eigin framförum.

**Námsáætlanir** eru mikilvægt tæki til að gefa nemandanum greinargóðar upplýsingar um hvað hann er að læra og hvað standi til að meta. Það er stefna skólans að námsáætlanir séu skýrar og aðgengilegar bæði nemendum, kennurum og foreldrum.

Góð námsáætlun samanstendur af:

- Lýsingu á því sem nemandinn er að fara að læra.
- Skýrum námsmarkmiðum.
- Augljósri tengingu á milli hæfniviðmiða og viðmiða um árangur.
- Lýsingu á hvernig staðið verði að námsmati.

**Hæfniviðmið eru beint úr aðalnámskrá** og nýtt sem viðmið um framfarir nemenda. 1.-4. bekkur vinnur að hæfniviðmiðum við lok fjórða bekkjar í fjögur ár. Hvert verkefni sem nemandinn vinnur tengist hæfniviðmiðum aðalnámskrár á skýran hátt. Sama á við um 5.-7. bekk og 8.-10. bekk sem hafa þrjú ár að vinna að hæfniviðmiðum sem í gildi eru við lok grunnskóla. Viðmið um árangur fylgja hverju verkefni og nemandanum er alltaf ljóst hvað ætlast er til af verkefnum sem lögð eru fyrir

## Fjölbreytt námsmat

Fjölbreytni námsmats felst í því að fjölmargar námsmatsaðferðir eru notaðar. Hér fyrir neðan eru þær námsmatsaðferðir sem mynda þá námsmatsheild sem matið í skólanum byggir á. Leiðsagnarnám með viðmiðum um árangur er þar lang fyrirferðamest eða um 90% af öllu námsmati sem unnið er með nemendum. Neðst í stefnuskjalinu eru skýringar á þeim hugtökum sem notuð eru til að lýsa fjölbreytni námsmatsins.

|  |                             |
|--|-----------------------------|
| Námsmat í Öxarfjarðarskóla   |                             |
| <p><b>Jafningjamat og sjálfsmat;</b> byggja á viðmiðum um árangur sem kennarinn setur oftast. Nemandinn og kennarinn meta hvort að verkefni sem nemandinn vinnur uppfylla það viðmið sem sett hefur verið. <u>Leiðsagnarnámið fer nánast alltaf fram MEÐ nemandanum.</u></p> <p><b>Samtöl og ígrundun;</b> nemendur eða nemendahópar ígrunda hvort viðmið um árangur hafi náðst eða kennari og nemandi í ígrundunar samtali.</p> | Leiðsagnar-nám 90%          |
| <p><b>Frammistöðumat;</b> Markviss athugun og skráning. Marklisti, gátlisti, matslisti: þar sem fyrst er sett markmið, merkt við þegar nemandi hefur farið yfir efnið og loks mat á færni/hæfninni.</p> <p><b>Stöðumat;</b> þegar kennarinn tekur stöðuna á ákveðinni grunn færni. Þetta þarf ekki að vera próf en getur verið það. Hér er markmiðið að athuga hvort nemandi hafi náð tókum á tilteknum þáttum.</p>              | Aðrar námsmats-aðferðir 10% |
| <p><b>Lokamat;</b> þegar kennarinn tekur saman niðurstöður úr öllu sem hefur byggst upp á ákveðnum tíma, t.d. við lok annar eða vetrar.</p>  | Lokamat                     |

## Fyrirkomulag námsmats

Tvisvar á ári, í desember og maí, fá nemendur vitnisburðarblöð með sér heim sem sýnir stöðu þeirra í námsferlinu. Einnig eru foreldrasamtöl tvisvar sinnum á skólaári og oftast ef þurfa þykir. Þá er um nemendastýrð samtöl að ræða, þar sem nemendur kynna fyrir foreldrum sínum hvað og hvernig þau vinna í einstaka fögum.

Námsmatið skiptist í meginatriðum í tvö tímabil. Í október er nemendastýrt foreldraviðtal sem nemendur og kennarar undirbúa. Í desember fá nemendur prentað yfirlit yfir mat haustannar. Í febrúar er seinna foreldraviðtalið. Í hverju viðtali er farið yfir frammistöðu nemandans og hvernig verkefni ganga. Skólaárinu lýkur með því að nemandinn fær afhent prentað yfirliti yfir mat vetrarins ásamt umsögn frá umsjónarkennara og öðrum kennurum.

### Við lok 10. bekkjar

Hæfnikort nemandans sýnir stöðu hans. Sé við hæfi skv. því að hann fái C+ eða B+ í stað B eða C, þá ber að hafa í huga að nemandi sem fær þannig námsmat er nær stafnum fyrir ofan en þeim sem hann er tengdur við. Þannig er B+ ekki hæfni sem aðeins hærrí en B, heldur er námsmatið næstum því A námsmat.

## Innra mat á árangri og gæðum

Mati á skólafarfi er skipt í innra og ytra mat. Með innra mati er átt við sjálfsmat stofnunar og er unnið af starfsmönnum hennar. Markmið innra mats er að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrár leik- og grunnskóla. Grundvallaratriði innra mats er að það stuðli að umbótum sem bæti skólafarfið og efli skólaþróun.

Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi stofnunar sem unnin er af utanaðkomandi aðilum. Í gildandi lögum um leik- og grunnskóla er að finna ákvæði um mat á skólafarfi. Þar er megináhersla lögð á sjálfsmat skóla en jafnframt ber Menntamálaráðuneytinu að sjá til þess að fram fari ytra mat á starfsemi einstakra skóla eða á einstökum þáttum skólafarfs og jafnframt að úttekt sé gerð á sjálfsmatsaðferðum skóla.

[Hér á heimasíðu skólans](#) er að finna nánar um innra mat, matsteymið, gæðaviðmið og áætlanir. Einnig niðurstöður kannana og skýrslu um ytra mat úttekt 2019.

## Áætlanir um umbætur og þróunarstarf

[Hér má sjá skýrslu](#) um innra mat skólans fyrir árið 2021-2022 ásamt umbótaáætlun

## Samstarf heimila og skóla og upplýsingamiðlun

Til að tryggja farsælt nám og góða líðan hvers nemandans telur skólinn afar mikilvægt að eiga gott samstarf við heimili hans. Foreldrar þekkja börn sín betur en nokkur annar og eru í raun sérfræðingar í málum þeirra. Þeir gæta réttinda barna sinna í hvívetna og tala máli þeirra þegar þess gerist þörf. Foreldrar eru ævinlega velkomnir í skólann og það er mikilvægt að þeir



hafi samband við kennara og skólastjórnendur hvenær sem þeir telja þess þörf eða spurningar vakna.

Starfsfólk Öxarfjarðarskóla tekur ábendingum foreldra og nemenda um hvaðeina sem betur má fara með fullri vinsemd með hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Við heitum jafnframt á foreldra að taka ábendingum skólans vel og hlúa að jákvæðu viðhorfi barna sinna til skólans, starfsmanna hans, skólafélaga og eigin náms. Takist okkur að fella þekkingu og reynslu foreldra og starfsfólks í einn farveg, sköpum við í sameiningu góðan skóla þar sem börn okkar og unglingar komast til farsæls þroska, sjálfum sér og samfélaginu til hagsbóta.

Kennarar beggja deilda senda regluleg fréttabréf úr skólastarfinu auk þess sem skólastjóri kemur upplýsingum til foreldra ýmist með tölvupósti, á heimasíðu eða í messenger hópa deildanna. Þá eru foreldrasamtöl haldin tvisvar sinnum á skólaárinu og nemendur á eldra stigi stýra þeim með því að segja frá viðfangsefnum sínum. Á yngra stigi eru foreldrasamtölin meira kennarastýrð.

## Samstarf skólastiga, móttöku- og tilfærsluáætlun

Öxarfjarðarskóli er heildstæður skóli, samrekin leik- og grunnskóli í einu húsnæði. Skólinn er lærdómssamfélag þar sem leitast er við að efla alhliða þroska barna: hreyfiproska, félagsþroska, vitsmunaproska og tilfinningaproska. Leikskóladeildin er fyrsta skólastigið í Öxarfjarðarskóla. Töluverð samvinna er milli skólastiga. Starfshættir skólans hvetja til samvinnu og samstarfs milli barna, starfsfólks og foreldra.

Fáein dæmi um samstarfið verða nefnd hér á eftir.

- 
- *Samsöngur* skólans fer fram vikulega, þar sem öll börn bæði í leik- og grunnskóladeildum, ásamt kennurum og starfsfólki taka þátt og hafa áhrif á t.d. lagaval og framkvæmd.
  - *Stærðfræðitímar* fyrir elstu börn leikskóladeildar fara fram undir handleiðslu stærðfræðikennara í grunnskóladeildinni,
  - *Íþróttatímar* þar sem elstu börn leikskólans fá að fara með yngstu börnum grunnskólans
  - *Brúum bilið* er samstarf leik- og grunnskóla þar sem elstu börn leikskólans taka þátt í verkefnum með yngstu börnum grunnskólans, ss. Byrjendalæsisverkefnum.
  - *Árshátíð Öxarfjarðarskóla*, þar sem elstu nemendur úr leikskóladeildinni taka einnig þátt og stíga á svið. Árshátíðin er menningarhátíð sem ungir sem aldnir úr samfélaginu mæta á. Viðburðir og verkefni af þessu tagi efla vitund barna um gildi samvinnu og samkennd.
  - *Litlu jólin*, eru önnur hátíð Öxarfjarðarskóla þar sem allir nemendur leik- og grunnskóladeilda ásamt kennurum og starfsfólki, borða saman hátíðarhádegismáltíð í matsal skólans. Foreldrar og velunnarar mæta síðan í jólakaffi og svo er sungið og dansað í kring um jólatréð. Dæmi um að taka virkan þátt að móta menningu Öxarfjarðarskóla með hátíðum og viðburðum sem tengjast barnamenningu.
- 

## Samstarf Öxarfjarðarskóla við Tónlistarskólann á Húsavík

Formlegt samstarf við Tónlistarskólann á Húsavík hófst haustið 2011. Kennarar við Tónlistarskólann munu, skólaárið 2022-2023, koma einn dag í viku og kenna á hin ýmsu hljóðfæri. Tónlistarkennarar í ár eru Adrienne Davis og Ervin Sökk

### **Samstarf við Grunnskóla Raufarhafnar**

Frá upphafi skólaárs 2021-2022 er sami skólastjóri yfir Öxarfjarðarskóla og Grunnskóla Raufarhafnar og með því móti verður unnið að samvinnu og samstarfi skólanna á ýmsan hátt. Nemendur koma vikulega í íþróttir/sund, verk- og listgreinar auk þess að vinna saman í samþættum verkefnum þvert á skóla og aldur. Þá munu skólarnir aftur vinna saman að árshátíð eins og gert var í fyrsta sinn á síðasta skólaári. Fyrirhugað er sameiginlegt skólaferðalag í vetur.

---

### **Tengsl skóla við nærsamfélagið og hvernig nýta má það til náms og þroska**

Samstarf við Þekkingarnet Þingeyinga býður upp á snjallkistur sem innihalda kennslugögn sem ætluð eru til að kenna og auka færni nemenda í forritun, kóðun, rafmagnsfræði, rýmisgreind, rökhugsun o.fl. sem allt byggir undir tækniþekkingu og færni barna, viðheldur eðlislægri forvitni þeirra og frumkvöðlahæfileikum. Í kistunni er einnig er að finna vinylskera og hitapressu, þar sem hægt er að búa til veggglímmiða, stensla, fatamerkingar o.fl. sem hugmyndaflugið leyfir. Tæknin á bakvið notkunina á vinylskeranum er til að mynda sú sama og notuð er hjá trésmíðafyrirtækjum við fræsara. Snjallkistan stendur öllum grunnskólum á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga til boða og hefur verið kynnt skólunum, en hún mun ganga á milli skólanna samkvæmt samkomulagi þar um <https://hac.is/rannsoknir/snjallkistan/>

### **Tengsl við atvinnulífið**

Á hverju vori fara nemendur í svokallað atvinnuþema. Þeim býðst þá að kynna sér atvinnustarfsemi á svæðinu, hvort heldur er um að ræða í sauðburði hjá bændum, verzlunarstörf, fiskeldi, á verkstæði o.fl. eins og t.d. leikskólastarf.